

Almennir tryggingarskilmálar fyrir VPV Future Pension

Efnisyfirlit

Réttindi

- § 1 Hvaða réttindi veitum við?
 § 2 Hvernig er ágóðahlutdeild greidd?
 § 3 Hvenær byrjar tryggingavernd?
 § 4 Hvaða reglum þarf að fylgja þegar gerð er krafa úr tryggingunni?
 § 5 Hver er þýðing tryggingarskírteinis?
 § 6 Hverjir geta fengið bætur?

Iðgjaldsgreiðslur

- § 7 Hvert er iðgjaldsgreiðslum ráðstafað?
 § 8 Hvers þarf að gæta við iðgjaldsgreiðslur?
 § 9 Hvernig er aukalegt iðgjald greitt?
 § 10 Hvernig geta iðgjaldsgreiðslur verið hækkaðar og lækkaðar?
 § 11 Hvað gerist ef iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

Sérstakar reglur fjárfestinga í verðbréfasjóðum

- § 12 Hvernig getur þú breytt vali á verðbréfasjóðum?
 § 13 Hvaða reglur gilda ef við gerum breytingu á sjóðakörfu eða vali á sjóðakörfum?

- § 14 Hvað gerist ef að sjóðastýringarfyrirtæki hindrar, frestar eða lokar útgáfu á fjárfestingareiningum eða innlausn fjárfestingaeininga í verðbréfasjóð?

Uppsögn eða undanþága frá iðgjaldsgreiðslum

- § 15 Hvenær getur þú sagt upp samningnum og hvaða réttindi veitum við?
 § 16 Hvenær getur þú gert samninginn iðgjaldsfrían og hvaða áhrif hefur það á réttindi hans?
 § 17 Hvernig er kostnaður við samning þinn fjármagnaður?

Önnur samningsákvæði

- § 18 Hvað gildir ef þú breytir pósthafi þínu eða nafni?
 § 19 Hver er önnur upplýsingaskylda þín?
 § 20 Hvaða kostnað getum við innheimt sérstaklega?
 § 21 Hvaða lög gilda um samning þinn?
 § 22 Hvaða dómstóll hefur lögsögu?
 § 23 Hvern getur þú haft samband við ef þú er óánægður með þjónustu okkar?
 § 24 Hvað gerist ef einhver samningsákvæði eru ógild?

§ 1

Hvaða réttindi veitum við?

- (1) VPV Future Pension er einingatengd lífeyrstrygging. Hana er hægt að gera við iðgjaldaskrá FP2 (séreignalífeyrir). Ef hinn vátryggði (þ.e. sú persóna sem tryggingin tekur til) lifir til samþykks ellilífeyrisaldurs, þá greiðist ævilangur ellilífeyrir með tryggðu ellilífeyristímabili. Einnig er hægt að velja eingreiðslu lífeyris (sjá gr. 1.11).
 Ef að hinn vátryggði deyr á söfnunartíma (það er tímabilið frá gildistöku tryggingarinnar og þar til lífeyrisgreiðslur hefjast), þá greiðir tryggingin dánarbætur (sjá gr. 1.12).
- (2) VPV Future Pension býður tryggingavernd áður en lífeyristaka hefst með beinni þáttöku í fjárfestingarárangri eins eða fleiri sérstakra eigna (verðbréfasjóða) sem stýrt er af sjóðastýringarfyrirtækum. Þessum sjóðum er stýrt aðskilið frá öðrum eignum okkar í fjárfestingarblokkum og er skipt upp í fjárfestingareiningar.
 Verðmæti fjárfestingareininga byggir á fjárfestingarárangri viðkomandi verðbréfasjóðs. Verðmæti hverrar einingar er innlausnarverð hennar á viðkomandi skáningardegi.
 Í tilfalli Kaupahallarsjóða (Exchange Traded Funds, ETFs) er verðmæti hluta það kaup- eða söluverð sem við fengum eftir að tekið hefur verið tillit til þess kostnaðar og gjalda sem þriðji aðili innheimtir, ef við á.
 Þar sem fjárfestingarárangur verðbréfasjóða byggir á verðþróun á fjármálamörkuðum og ekki er hægt að spá fyrir með vissu, getum við ekki ábyrgst peningalegt virði réttinda eða fjárhæð væntanlegs lífeyris. Þú átt möguleika að fá verðmætaaukningu ef verðbréf í fjárfestingarsjóðum hækka í verði. Við verðlækkanir berðu einnig áhættuna á verðlækkun allt að heildartapi. Í tilfalli verðbréfa sem eru í öðrum gjaldmiðlum en Evru, geta gengissveiflur haft áhrif til viðbótar á virði fjárfestingarinnar. Þetta þýðir að tryggjagabætur verða hærrí eða lægri eftir þróun sjóðanna. VPV býður ekki upp á tryggðar lífeyrisgreiðslur við upphaf lífeyris þegar að því kemur.

Fjárfestingar á samningseign þinni

- (3) Samningseign þín fyrir lífeyristöku samsvarar verðmæti fjárfestingareininga sem úthlutað er til samnings þíns. Í þessu skyni þá margföldum við fjölda fjárfestingareininga þinna í

- þeim sjóðum sem tengdir eru samning þínum með samsvarandi virði fjárfestingareininganna á viðkomandi viðmiðunardegi. Við eignumst fjárfestingareiningarnar án þess að þurfa að greiða eða krefjast útgáfuálags fyrir þær.
- (4) Þú getur valið þá sjóðakörfu sem liggur til grundvallar samning þínum áður en lífeyrisgreiðslur hefjast, að því gefnu að við þjóðum upp á fleiri en eina sjóðakörfu fyrir gjaldskrá þína. Sjóðakarfa er samsetning verðbréfasjóða með tilteknu fjárfestingarframlagi í hvern sjóð miðað við prósentuúthlutun. Þessu prósentuúthlutun er ákveðin af VPV. Þú getur hvenær sem er óskað upplýsinga um hvaða sjóðakörfur eru fánlegar fyrir þína gjaldskrá.
 Verðbréfasjóðirnir sem framtíðariðgjöld renna til eru kallaðir sjóðir sem sparað er í. Ef þú vilt skipta um sjóðakörfu eftir upphaf samnings geturðu lesið reglur um það í 12. gr.
- (5) Tekjum sjóðanna er ráðstafað beint til þeirra að því marki sem þær eru ekki greiddar út. Ef tekjur eru greiddar út (úthlutunarsjóður) eignumst við fleiri fjárfestingareiningar með þeim tekjum, Við leggjum þessar fjárfestingareiningar inn á samning þinn. Þessar tekjur geta lækkað vegna umsýslukostnaðar, gjalda, skatta og annarra þóknana eða gjalda sem leiðir af lagalegum eða samningsbundnum skyldum.
- (6) Við upphaf lífeyristöku eru heildareignir þínar (heildareignir eru samningseignin ásamt endanlegri ágóðahlutdeild (sjá gr. 2.3 (b)) fjárfestar í öryggiseignum (öryggiseignir VPV þjóna þeim tilgangi að tryggja kröfur allra vátryggingartaka og eru skilgreindar í 125 gr. þýsku laganna um eftirlit með vátryggingarstarfsemi) sem eru notaðar til þess að fjármagna lífeyrisgreiðslur þínar. Fjárhæð lífeyris þíns fer eftir fjárhæð þessarar eignar. Fjárfestingar í sérstökum eignum (verðbréfasjóðum) eru ekki gerðar eftir að lífeyristaka hefst. Ákvörðunardagur um verðmæti fjárfestingareininga þinna í verðbréfasjóðum er síðasti viðskiptadagur verðbréfasjóðanna áður en lífeyrisgreiðslur þínar hefjast. Af tæknilegum ástæðum getur útborgun fyrstu lífeyrisgreiðslu einungis átt sér stað nokkrum dögum eftir þetta tímamark.

Réttindi þín frá upphafi lífeyrisgreiðslna

- (7) Ef hinn vátryggði lifir að hinum samþykktu upphafsdegi lífeyris og reiknaður lífeyrir nær að minnsta kosti 300 EUR á ári (lágmarkslífeyrir), munum við greiða ævilangan stöðu

gan lífeyri. Samþykktur upphafsdagur lífeyristöku er fyrsti dagur mánaðarins eftir að hinn váttryggði verður 67 ára. Við greiðum lífeyririnn mánaðarlega á umsömdum gjalddögum. Ef hinn váttryggði deyr á tímabili tryggðra jafngreiðslna, þá greiðum við út staðgreiðsluverðmæti þess lífeyris sem fallið hefði í gjalddaga fram að lokum tímabili tryggðra jafngreiðslna

Tímabil tryggðra jafngreiðslna eru heil ár samkvæmt eftirfarandi töflu:

Eftirlaunaldur	Tímabil tryggðra jafngreiðslna
að 75	85 að frádregnum eftirlaunaldri
76 til 80	10
81 til 85	5

Eftirlaunaldur er aldur hins váttryggða þegar hann byrjar að fá lífeyrisgreiðslur sínar. Ef lágmarkslífeyrir næst ekki er heildareign þín greidd út og samningnum lýkur.

- (8) Fjárhæð lífeyris er ákvörðuð út frá heildareign þinn við upphaf lífeyristöku. Í því skyni eru notaðir útreikningsgrunnar skv. gr. 2.7.

Þú færð að minnsta kosti lífeyri hvers fjárhæð er fengin af heildarinnæign þinn og árlegum lágmarkslífeyri fyrir hverjar EUR 10.000 í heildarinnæign. Þessi tryggði lágmarkslífeyrir er reiknaður samkvæmt tryggingastærðfræðilegum reglum. Miðað við tryggingafræðilega vexti upp á 0,25% og dánartöflu með dánarlíkum sem nema 100% af kynjaóháðri blandaðri töflu frá DAV 2004R dánartöflu fyrir menn og konur. Lágmarks árlegur lífeyrir fyrir hverjar EUR 10.000 í samningsinnæign er að finna í tryggingarskirteini, Ef þú breytir upphagsdegi lífeyristöku (sjá gr. 1.9 og 1.10) munum við endurreikna lágmarks árlegan lífeyrir fyrir hverjar EUR 10.000 í samningsinnæign með því að nota ofangreinda útreikningsgrunna (tryggingafræðilega vexti og dánarlíkutöflu) miðað við nýjan upphafsdag lífeyristöku.

Breyting á upphafsdegi lífeyristöku

- (9) Áður en reglulegar lífeyrisgreiðslur hefjast, þá getur þú frestað lífeyristökunni innan kalltímabils um eitt eða fleiri heil ár, með eins mánaðar fyrirvara. Á kalltímabili er hægt að óska eftir jöfnum lífeyrisgreiðslum í hverjum mánuði (sjá gr. 1.10). Kalltímabil hefst á samþykktum upphafsdegi lífeyristöku og endar á fyrsta degi mánaðar eftir að hinn váttryggði nær 85 ára aldri. Á kalltímabili er áfram hægt að greiða iðgjöld til samningsins þar til lífeyristaka hefst.

- (10) Þú getur hafið lífeyristöku með jöfnum greiðslum, bæði áður en kemur að samþykktum upphafsdegi lífeyris, og á kalltímabili, með tilkynningu þess efnis og með eins mánaðar fyrirvara (þ.e. þú getur óskað á skriflegan máta að jafnar lífeyrisgreiðslur eigi að hefjast á fyrsta degi næsta mánaðar). Snemmtaka jafnra lífeyrisgreiðslna er möguleg ef að nýr upphafsdagur lífeyrisgreiðslna er að hámarki 7 árum fyrir samþykktum upphafsdegi. (sjá gr. 1.7)

Iðgjaldsgreiðslur hætta, ef þær hafa ekki þegar gert það, þegar lífeyrisgreiðslur hefjast.

Fjárhæð lífeyrisgreiðslna skal endurákvörðuð út frá heildareign sem er til ráðstöfunar við nýtt upphaf lífeyris eftir sömu meginreglum og við upphaflega umsamið upphaf lífeyris sbr. gr. 1.8. Verði breyting á upphafsdegi lífeyris, þá breytist tryggð jöfn lífeyrisgreiðsla til samræmis við hinn nýja upphafsdag (sjá gr. 8)

Ef árlegur lágmarkslífeyrir EUR 300 næst ekki við snemmtöku lífeyris, munum við greiða eingreiðslu lífeyris (sjá gr. 1.11).

Möguleiki á eingreiðslu

- (11) Þú hefur rétt á eingreiðslu lífeyris (fullt lífeyrisuppgjör) greidda frá okkur í staðinn fyrir jafnan lífeyri. Þú getur líka fengið hluta lífeyriseignar greiddan í eingreiðslu (lífeyrisuppgjör að hluta). Eingreiðsluppgjör að öllu leyti eða hluta getur verið

gert á upphaflega samþykktum upphafsdegi lífeyrisgreiðslna eða mánaðarlega á kalltímabili. Hinn váttryggði þarf að ná að lífa fram að þeirri dagsetningu. Umsókn um uppgjör á lífeyrisinnæign að öllu leyti eða hluta, þarf að vera skrifleg og berast okkur með a.m.k.. mánaðar fyrirvara á óskaðri dagsetningu uppgjör. Sé lífeyrisinnæign gerð upp að hluta, þá mun fjárhæðin sem þú óskar eftir vera greidd út en fjárhæðin sem eftir stendur verður greidd út með jöfnum greiðslum. Þetta minnkar hinar reglulegu lífeyrisgreiðslur. Lífeyrisuppgjör að hluta er aðeins hægt ef að hin umbeðnaupphæð leiðir ekki til að lágmarkslífeyrir (sjá gr. 1.7) eða minna standi eftir.

Hægt er að óska eftir eingreiðsluppgjöri að öllu leyti eða hluta í snemmtöku (sjá gr. 1.10). Við miðum við síðasta viðskiptadag verðbréfasjóða fyrir uppgjörsdag til þess að ákvarða verðmæti fjárfestingareininga þinna í verðbréfasjóðum. Af tæknilegum ástæðum getur greiðsla til þín ekki farið fram fyrir en nokkrum dögum síðar.

Réttindi í tilfalli andláts hins váttryggða

- (12) Ef að hinn váttryggði deyr á iðgjaldstímabili (þ.e. á tímanum milli upphafs dags samnings og upphafs dags lífeyrisgreiðslna), þá greiðum við samningseign sem dánarbætur.

Við miðum við fyrsta viðskiptadag verðbréfasjóða eftir að hafa fengið dánarvottorð, til að ákvarða verðmæti fjárfestingareininga í verðbréfasjóðum. Af tæknilegum ástæðum getur greiðsla dánarbóta ekki farið fram fyrir en nokkrum dögum síðar.

- (13) Ef að hinn váttryggði deyr eftir að reglulegar lífeyrisgreiðslur hefjast og á tímabili tryggðra jafngreiðslna, staðgreiðum við virði þeirra lífeyrisgreiðslna sem eru enn útistandandi á tryggðum jafngreiðslum miðað við að andlát hefði ekki átt sér stað með réttinum til dánarbóta (Sjá gr. 1.7). Ef að hinn váttryggði deyr eftir að tímabili tryggðra jafngreiðslna lýkur, þá greiðast engar dánarbætur og samningurinn endar.

Eðli þinna réttinda

- (14) Greiðslur til þín eru greiddar í EUR

Endir samnings

- (15) VPV Future Pension samningur þinn endar við andlát, uppsögn, eingreiðslu eða tæmingu réttinda.

Réttindi þín til ágóðahlutdeildar

- (16) Réttindi geta myndast frá ágóðahlutdeild (sjá gr. 2). Hinsvegar, þá er það þróun hinna sérstöku eigna (verðbréfasjóða) sem þú tekur beint þátt í, sem er afgerandi um heildarávöxtun samningsins áður en kemur að lífeyristöku (sjá gr. 2)

§ 2

Hvernig er ágóðahlutdeild greidd?

- (1) Þróun hinna sérstöku eigna (Sondervermögen) sem þú tekur beint þátt í er afgerandi fyrir heildarávöxtun samnings þíns (sjá gr. 1.2). Að auki færðu hlutdeild í hagnaði og í verðmattssjóð (ágóðahlutdeild) Réttindi úr ágóðahlutdeild geta líka numið EUR 0.

Í neðangreindum málsgreinum útskýrum við:

- > hvernig við ákvörðum hagnað okkar fyrirtækis á fjárhagsári og hvernig við notum hann (gr. 2.2)
- > hvernig samningur þinn tekur þátt í hagnaðinum (gr. 2.3 og 2.4),
- > hvernig verðmattssjóður verður til og hvernig við ráðstöfum honum til samnings þíns (gr.2.5 og 2.6),
- > hvernig fjárhæð þíns lífeyris er reiknuð og hvernig þú færð hlutdeild í hagnaði og tryggingatæknilegum vara-sjóð (beitragsruckerstattung)á meðan töku lífeyris stendur (gr. 2.7 og 2.8),
- > hvers vegna við getum ekki lofað fjárhæð ágóðahlutdeildar til þíns samnings (gr.2.9) og
- > hvernig við upplýsum þig um ágóðahlutdeild (gr.2.10 og 2.11).

Hvernig ákvörðum við árlegan hagnað okkar fyrir viðskiptaár og hvernig notum við hann?

- (2) Við ákvörðum hagnað okkar fyrirtækis (heildarhagnað) á fjárhagsári í samræmi við þýskar viðskipta- og eftirlitsreglur. Með samþykki á ársreikning, ákveðum við hvaða hlutfall heildarhagnaðar okkar verði ráðstafað til ágóðahlutdeildar allra okkar tryggingasamninga sem rétt eiga á ágóðahlutdeild. Þegar við gerum þetta tókum við tillit til lagalegra skyldna, sérstaklega reglugerðar um lágmarksfjármögnun (*Verordnung über die Mindestbeitragsrückerstattung in der Lebensversicherung*). Við ráðstöfum þeim hluta heildarhagnaðar sem tilheyrir tryggingatæknilegum varasjóð (beitragsruckerstattung), að því marki sem við höfum ekki fært hann til tryggingarsamninga sem eiga rétt til ágóðahlutdeildar. Hlutverk tryggingatæknilegs varasjóðs er að jafna út árlegar sveiflur hagnaðar. Tryggingatæknilegan varasjóð má bara nota til ágóðahlutdeildar tryggingartaka. Við megum eingöngu víkja frá því í sérstökum tilfellum, sem skilgreind eru í lögum, með samþykki eftirlitsyfirvalda.

Réttindi þín til tiltekinnar þátttöku í hagnaði rísa ekki vegna framlaga til tryggingatæknilegs varasjóðs (beitragsruckerstattung)

Hvernig fær samningur þinn ágóðahlutdeild?

- (3) Við höfum flokkað saman sambærilegar tryggingar (þ.e. lífeyrstryggingar, áhættulíftryggingar, örorkutryggingar) í arðsflokka. Við myndum arðsflokkana til þess að taka tillit til mismunandi váttryggingaráhættu. Þegar við úthlutum ágóðahlutdeild til einstakra samninga notum við þá aðferðarfræði að úthluta ágóða til þeirra viðskipta sem hann stafar frá (orsakareгла). Í þeim tilgangi getum við myndað undirflokk innar arðsflokka ef þörf krefur. Við ráðstöfum hagnaðarhlutdeildinni til þeirra arðsflokka, eða undirhópa þeirra, sem hafa átt þátt í myndun hagnaðarins. Ef að tryggingategund, eða arðshópur hefur ekki átt þátt í myndun hagnaðar, eignast þær ekki tilkall til ágóðahlutdeildar. Samningur þinn tilheyrir arðshóp 131 áður en kemur að lífeyristöku. Þegar lífeyristaka hefst tilheyrir samningur þinn arðshóp 113.

(a) Regluleg ágóðahlutdeild (Laufender uberschuss)

Við veitum eftirfarandi ágóðahlutdeild sem ráðstafað er til tiltekinnar samninga í formi viðvarandi ágóðahlutdeildar áður en lífeyristaka hefst. Þinn samningur fær úthlutað kostnaðarafgang (kostenuberschussanteil), þ.e. ef rekstrarkostnaður verður lægri en gert var ráð fyrir, sem prósentuhlutfall á lífeyriseign. Kostnaðarafgangur er fjárfestur í fjárfestingareiningum og eykur samningseign. Ráðstöfun í fjárfestingareiningum er í gerð í sama hlutfalli og iðgjaldsráðstöfun þín. Samningur þinn fær líka sjóðstengda ágóðahlutdeild (fondsabhängigen uberschussanteil) sem er reiknuð sem prósentu af viðkomandi verðbréfastjóð. Fjárhæð slíks hagnaðar getur verið breytilegur milli sjóða. Sjóðstengd ágóðahlutdeild er fjárfest í fjárfestingareiningum sjóðsins og eykur verðmæti hans. Ráðstöfun viðvarandi hagnaðar er gerð mánaðarlega. Við birtum núverandi ágóðahlutdeild í ársskýrslu okkar. Fjárhæð hans getur breyst í líftíma samnings þíns. Fjárhæðin getur líka verið núll.

(b) Lokaágóðahlutdeild (Schlussüberschuss)

Ef að hinn váttryggði nær upphafsdegi lífeyris munum við greiða lokaágóðahlutdeild til viðbótar við reglulega ágóðahlutdeild. Mælikvarði hans er samtala allra greiddra iðgjalda. Í tilfelli eingreiðslu á lífeyri þá er ágóðahlutdeildin greidd út. Í því tilfelli að hinn váttryggði deyr áður en lífeyrisaldri er náð, eða í tilfelli uppsagnar, þá er lokaágóðahlutdeild skertur. Við birtum lokaágóðahlutdeild í ársreikning okkar á hverju ári. Hann getur verið breytilegur og hann getur líka verið núll.

- (4) Stjórn okkar skal á hverju ári, að tillögu frá ábyrgum tryggingarstærðfræðing, ákvarða hvernig ágóðahlutdeild er ráðstafað og ákveða fjárhæð heildarágóðahlutdeildar (yfirlýsing um ágóðahlutdeild). Þegar það er gert skal tryggja að ráðstöfunin sé samkvæmt orsakareglu.

Samningur þinn fær ágóðahlutdeild í samræmi við yfirlýsinguna um ágóðahlutdeild. Fjármagnið til þess er fengið frá rekstri fjárhagsársins í tilfelli beinna framlaga en að öðru leyti frá tryggingatæknilega varasjóðnum (beitragsruckerstattung).

Hvernig myndast virðismismunarsjóður (Bewertungsreserve) og hvernig ráðstöfum við honum til samnings þíns?

- (5) Virðismismunarsjóður myndast ekki í VPV Future Pension áður en lífeyristímabil hefst. Þegar lífeyristímabil hefst getur virðismismunarsjóður myndast ef að markaðsvirði fjárfestinga í tryggða öryggissjóðnum er hærra en bókfært virði þeirra samkvæmt viðskiptalöggjöf. Við ráðstöfum virðismismunarsjóð sem að heimfæra skal til tryggingarsamninga í samræmi viðeigandi löggjöf á hlutfallslegan hátt (pro-rata) til þeirra. Þegar við gerum svo gerum við það til þeirra fjárfestinga sem mynduðu virðismuninn (orsakareгла). Virðismismunarsjóður vegna fjárfestinga með föstum vöxtum skal eingöngu ráðstafa í samræmi við núverandi löggjöf (þ.e. § 139, 3. mgr. þýsku laganna um eftirlit með váttryggingarstarfsemi, VAG) að því marki sem þær eru umfram kröfur um áhættuvernd (þ.e. § 139, 4. mgr. VAG). Við ákvörðum fjárhæð virðismismunarsjóðs að minnsta kosti einu sinni á ári.
- (6) Á því tímabili sem lífeyrir er tekin munum við deila með þér hlutdeild í virðismismunarsjóð í samræmi við viðeigandi lagaákvæði. Lagareglur geta þó komið í veg fyrir slíka hlutdeild í virðismismunarsjóð að nokkru leyti eða öllu. Hvernig eru fjárhæð þíns lífeyris reiknuð og hvernig færð þú ágóðahlutdeild og hlutdeild virðismismunarsjóðs þegar þú tekur lífeyri?
- (7) Ef að hinn váttryggði lifir fram að lífeyristöku þá er öll hans samningsinnehæð deild í jafngreiðslur ásamt loka ágóðahlutdeild samkvæmt stærðfræðilegu líkani sem er í gildi á þeim tíma. Grundvöllur útreiknings eru þær dánartölur sem notaðar eru og tryggingastærðfræðilegur vaxtafótur. Tryggingastærðfræðileg áætlun (dánarlíkur og vaxtafótur) sem í gildi eru í upphafi lífeyristímabils samsvara þeirri tryggingastærðfræðilegu áætlun sem við notum fyrir sambærilega jafngreiðslutryggingu (rentenversicherung) sem væri að greiða jafngreiðslu á þeim tímapunkt. Ef við erum ekki með slíka jafngreiðslutryggingu þá notum við tryggingastærðfræðilegan útreikning sem tryggir að við getum staðið við skuldbindingu okkar samkvæmt samningnum. Dánartaflan verður að hafa verið byggð samkvæmt aðferðarfræði tryggingastærðfræði. Ef að tryggingastærðfræðilegur grundvöllur sem er í gildi við upphaf lífeyristöku er annar en hann var við tryggingartöku, og við erum ekki með jafngreiðslutryggingu sem er að greiða jafngreiðslu á þeim tímapunkt, þá munum við láta sjálfstæðan tryggingastærðfræðing staðfesta útreikninga okkar sem viðeigandi. Ef að fjárhæð jafngreiðslu ákvarðaðar á þennan máta verða lægri en lágmarks jafngreiðslur reiknaðar í samræmi við gr. 1.8, þá munum við greiða að lágmarki greiðsluna í samræmi við gr. 1.8.
- (8) Við veitum þér líka hlutdeild í ágóðahlutdeild og virðismismunarsjóð þegar þú tekur lífeyri. Með hlutdeildinni í ágóðahlutdeild eykst lífeyrir þinni árlega með lífeyrinum sem greiddur var árinu áður margfaldað með yfirlýstri hækkun lífeyris. Hlutdeild í virðismismunarsjóð eykur líka lífeyririnn varanlega. Fyrsta hækkun lífeyris tekur gildi einu ári eftir að lífeyristaka hefst. Við birtum yfirlýsta hækkun í ársskýrslu okkar. Hún getur breyst og hún getur líka verið núll.

Hversvegna getum við ekki ábyrgst ágóðahlutdeild?

- (9) Fjárhæð ágóðahlutdeildar er háð mörgum þáttum sem ekki er hægt að sjá fyrir og við getum bara haft áhrif á að takmörkuðu leyti. Áhrifaþættir eru sérstaklega þróum verðbréfamarkaða og kostnaðar. Fjárhæð ágóðahlutdeildar er því ekki hægt að tryggja. Hún getur líka verið núll.

Hvernig upplýsum við um ágóðahlutdeild?

- (10) Við birtum skilgreinda ágóðahlutdeild í ársskýrslu okkar. Við sýnum hana eftir gjaldskrá og gildisdagsetningu. Þú

getur séð og hlaðið niður ársskýrslu okkar á heimasíðu okkar www.vpv.de eða beðið um hana frá okkur.

- (11) Við munum upplýsa þig um virði tryggingar þinnar árlega. Þegar við gerum það þá tökum við tillit til ágóðahlutdeildar sem tilheyra þínu samning. Að auki þá er okkur ánægja að upplýsa þig um virði tryggingar þinnar hvenær sem er að þinni ósk.

§ 3

Hvenær byrjar tryggingarvernd?

Tryggingasamningur þinn byrjar þegar þú hefur gert samninginn við okkur. Hinsvegar, þá byrjar engin tryggingarvernd fyrr en á þeirri gildisdagsetningu sem tiltekin er í tryggingarskírteini. Skylda okkar til að greiða út réttindi getur breyst ef að þú greiðir ekki iðgjöld á réttum tíma (gr. 8.2, gr. 8.3 og gr. 11).

§ 4

Hvaða reglum skal fylgja þegar gerð er krafa úr tryggingunni?

- (1) Ef réttinda er krafist úr samningnum þá getum við óskað eftir fá tryggingaskírteini og vottorð sem tiltekur fæðingardag hins váttryggða auk upplýsinga sem tilteknar eru í gr. 19.
- (2) Áður en við greiðum lífeyri eða eingreiðslu getum við krafist opinbers vottorðs á okkar kostnað um að hinn váttryggði sé á lífi.
- (3) Andlát hins váttryggða verður að vera tilkynnt til okkar strax (þ.e. án ástæðulausrar tafar). Ennfremur þarf að senda okkur opinbert dánarvottorð sem tiltekur aldur og fæðingarstað. Auk þessa þarf að senda okkur læknisvottorð eða opinbert vottorð sem tiltekur dánarorsök. Slíkt vottorð þarf að tiltaaka upphaf og þróun þeirra veikinda, ef við á, sem leiddu til dauða hins váttryggða.
- (4) Við getum óskað frekari gagna og upplýsinga ef þær eru nauðsynlegar fyrir okkur til að meta ábyrgð okkar. Kostnaður vegna þessa fellur á þann sem gerir tjónskrófuna.
- (5) Okkar bætur gjaldfalla þegar við höfum lokið nauðsynlegri skoðun til þess að ákvarða tjónsatburð og skyldu okkar til að greiða bætur. Misbrestur á að útvega okkur gögn skv. gr. 4.1 til gr. 4.4 getur leitt til þess að við getum ekki ákvarðað hvort, og að hvaða marki, okkur ber að greiða bætur. Slíkur misbrestur getur leitt til þess að tjónskrafan verður ekki gjaldkræf.
- (6) Ef að millifæra þarf tjónsbætur út fyrir Evrópska efnahagssvæðið ber réttthafi bótanna alla áhættu og kostnað á slíkri millifærslu.

§ 5

Hver er þýðing tryggingarskírteinis?

- (1) Við getum sent þér tryggingarskírteini á skriflegu formi (þ.e. á pappír eða tölvupóst). Ef við gefum það út á skjalfestu formi þá virkar það sem vottorð. Þú getur krafist að það sé gefið út á skjalfestu formi.
- (2) Við getum litið á handhafa skjalfests tryggingarskírteinis sem réttthafa að þeim réttindum sem samningurinn veitir, þá sérstaklega til þess að móttaka tryggingagreiðslur. Hinsvegar getum við krafist þess að handhafi skírteinisins sanni eignarhald sitt á tryggingunni.

§ 6

Hverjir geta fengið bætur?

- (1) Sem tryggingartaki, þá getur þú ákveðið hver á rétt til bóta. Ef þú tiltekur það ekki greiðum við bætur til þín eða erfingja þinna.

Réttur til bóta

- (2) Þá getur á afturkallanlegan eða óafturkallanlegan máta tilnefnt aðra manneskju til þess að fá bætur (réttthafi). Ef þú tilnefnir réttthafa á afturkallanlegan máta fær réttthafi eingöngu bætur þegar tryggingaratburður gerist. Þar af leiðandi getur þú afturkallað tilnefningu þína fram að tryggingaratburð. Þegar við greiðum jafngreiðslur lífeyris telst hver greiðsla sjálfstæður tryggingaratburður. Þú getur gert þessa tilnefningu réttthafa á tafarlausan og óafturkallanlegan máta. Þegar okkur hefur borist slík tilnefning þín getur réttur til tryggingarinnar eingöngu verið breytt með samþykki þess réttthafa.

Framsal og loforð

- (3) Þú getur framselt og lofað réttinum til bóta í heild sinni eða hluta til þriðja aðila fram að tryggingaratburð að því marki sem slíkt sé lagalega heimilt.

Tilkynning

- (4) Veiting eða afturköllun á réttinum til bóta (gr. 6.2) auk framsals og loforðs (gr. 6.3) verður bara virk ef þau hafa verið tilkynnt okkur skriflega (á pappír eða tölvupósti) af fyrri réttthafa. Sem almenn regla, þá er fyrri réttthafi þú sjálfur sem tryggingartaki okkar. Hinsvegar gæti það verið önnur persóna sem þú hefur áður tilnefnt sem réttthafa (þ.e. óafturkallanleg tilnefning réttthafa, framsal eða loforð)

§ 7

Hvert er iðgjaldsgreiðslum ráðstafað?

- (1) Við ráðstöfum iðgjaldi þínu, eða aukalegri greiðslu, að því marki sem ekki er ráðstafað til kostnaðar, til fjárfestingar og breytum því í fjárfestingareiningar í verðbréfasjóðum þeim sem samningur þinn byggir á (sjá gr. 1.4). Þegar við gerum svo, ráðstöfum við fjárhæðinni sem sparnaði til þeirra sjóða og í því hlutfalli, sem mynda sjóðakörfuna þína. Við drögum frá kostnað af inneign samnings (sjá gr. 17). Við byggjum fjárfestinguna á verðmæti sjóðanna á fyrsta viðskiptadegi þeirra í hverjum mánuði.

Áhrif af slökum fjárfestingarárangri verðbréfasjóða

- (2) Óhagstæð þróun á verðmæti eigna í verðbréfasjóðum getur leitt til þess að samningseignir þínar verða ekki lengur nægjanlegar til þess að standa undir samningskostnaði hvers mánaðar áður en lífeyristaka hefst. Í slíku tilfalli rennur samningurinn út og öll hans réttindi. Við munum láta þig vita af slíku með göðum fyrirvara.

Endurfjárfesting

- (3) Mismundandi fjárfestingarárangur verðbréfasjóða leiðir af sér stöðugar endurfjárfestingar samningseigna. Endurfjárfesting þjóna þeim tilgangi að leiðrétta samningseignir til þeirra réttu eignahlutfalla sem samningurinn byggir á og var samþykkt í upphafi. Við munum leiðrétta fjárfestingar í eignum til þess að ná samþykktum eignahlutföllum í byrjun hvers mánaðar þar til að lífeyristöku kemur. Endurfjárfesting er sjálfkrafa innifalin í samningnum og verður ekki stöðvuð.

§ 8

Hvers þarf að gæta við iðgjaldsgreiðslur?

- (1) Iðgjöld til VPV Future Pension gjaldfalla mánaðarlega. Iðgjöld eru alltaf reiknuð og greidd í EUR.
- (2) Þér ber að greiða upphafsíðgjald (Einlösungsbeitrag) strax (þ.e. án ástæðulauss dráttar) eftir samningsgerð en þó ekki fyrir samþykktan upphafsdag sem samþykktur er af þér og er tiltekin í tryggingarskírteini. Öll önnur iðgjöld (regluleg iðgjöld) gjaldfalla í byrjun hvers samþykkt váttryggingartímils. Váttryggingartímabilið er einn mánuður.

- (3) Þú telst hafa greitt iðgjaldið á réttu tíma ef þú gerir allt sem í þínu valdi stendur til þess að við fáum iðgjaldið á gjalddaga þess (sjá gr. 8.2). Ef að samþykktur greiðslumáti er beinreiðsla frá banka telst iðgjald hafa verið réttilega greitt á tíma í eftirfarandi tilfellum:
- > Hægt var að sækja greiðsluna á gjalddaganum og;
 - > Þú hefur ekki mótmælt gjaldfærslu.
- Ef við gátum ekki sótt greiðsluna og það var ekki þér að kenna, þá telst iðgjaldið réttilega greitt ef það er gert strax eftir að við biðjum um greiðsluna. Ef þú ert ábyrgur fyrir því að greiðsla iðgjaldsins fer ekki fram þá höfum við rétt til þess að krefjast iðgjalds fyrir utan fyrirkomulagið um beingreiðslur.
- (4) Við sækjum iðgjaldið á gjalddaga þess með beingreiðslu frá þeim reikning sem tiltekin hefur verið af þér.
- (5) Það þarf skriflegt samþykki okkar til þess að fresta iðgjaldsgreiðslum.
- (6) Þér ber að greiða iðgjaldið á þína áhættu og kostnað.
- (7) Séu bætur gjaldfallnar úr tryggingunni munum við skuldjafna ógreiddar iðgjaldsgreiðslur frá bótum.

§ 9

Hvernig er aukalegt iðgjald greitt?

- (1) Hægt er að greiða aukalegt iðgjald til samningsins ef það er heimilt í viðbótarsamkomulaginu við VPV Future Pension. Aukalegt iðgjald verður lagt við samning þinn að frádregnum öflunarkostnaði og umsýslukostnaði á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að það var greitt. Aukalegt iðgjald þjónar þeim tilgangi að auka samningseign þína. Sami útreikningsgrundvöllur er notaður á samningseignina áfram. Myndun jafnra lífeyrisgreiðslna er í samræmi við gr. 2.7.
- (2) Tímasetning og fjárhæð aukalegrar iðgjaldagreiðslu er ákvörðuð í samræmi við þann feril sem lýst er í viðbótarsamkomulaginu.

§ 10

Hvernig geta iðgjaldsgreiðslur verið hækkaðar og lækkaðar?

- (1) Iðgjald þíns samnings getur verið hækkað og lækkað ef það er heimilt í viðbótarsamkomulaginu við VPV Future Pension. Leiðbeiningar til þess er að finna í ferli sem lýst er í viðbótarsamkomulaginu við Future Pension.

Hækkun iðgjalds

- (2) Hækkað iðgjald er lagt við samning þinn að frádregnum öflunarkostnaði og umsýslukostnaði (sjá gr. 7). Hækkað iðgjald eykur samningseign þína. Sami útreikningsgrundvöllur er notaður á samningseignina áfram. Myndun jafnra lífeyrisgreiðslna er í samræmi við gr. 2.7.

Lækkun iðgjalds

- (3) Ef að iðgjald er lækkað þá má það ekki verða minna en EUR 25 á mánuði. Ef mánaðariðgjald upp á EUR 25 næst ekki verður samningurinn gerður iðgjaldafír (sjá gr. 16).

Annað

- (4) Hækkaða eða lækkaða iðgjaldið gjaldfellur frá fyrsta næsta mánaðar.

§ 11

Hvað gerist ef iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

Upphafsiðgjald

- (1) Ef þú greiðir ekki upphafsiðgjald á tíma, þá getum við, svo fremi sem greiðslan hefur ekki verið framkvæmd, rift samningnum. Við getum ekki rift ef þú sýnir okkur fram á að þú varst ekki ábyrgur fyrir greiðslufallinu.
- (2) Ef að upphafsiðgjald hefur ekki verið greitt þegar tryggingarburður ber að hendi höfum við ekki skyldu til þess að greiða

bætur. Þetta gildir eingöngu ef við höfum bent þér skriflega á lagalegar afleiðingar þess (þ.e. með bréfi eða tölvupóst) eða með texta á tryggingarskírteini. Hins vegar, skylda okkar til að greiða bæt看ur helst ef þú sýnir okkur fram á að þú varst ekki ábyrgur fyrir greiðslufallinu.

Regluleg iðgjöld

- (3) Ef að þú greiðir ekki regluleg iðgjöld á gjalddaga þá getum við gefið út greiðsluáskorun á þinn kostnað. Frestur greiðsluáskorunar verður að vera að minnsta kosti 2 vikur.
- (4) Verði tryggingarburður eftir að gefin greiðslufrestur hefur runnið út og iðgjaldið er enn ógreitt, takmarkast tryggingarverndin eða fellur niður. Skilyrði þessa er að við höfum þá upplýst þig um viðeigandi lagalegar afleiðingar þegar við gáfum greiðsluáskorunina út.
- (5) Eftir að greiðsluáskorunafrestur rennur út þá getum við rift samningnum án frekari frests ef iðgjald, vextir og kostnaður er enn í vanskilum. Forsenda þess er að við höfum upplýst þig um þær lagalegu afleiðingar þegar við gáfum út greiðsluáskorunina. Við getum gefið út yfirlýsinguna um riftun þegar við gefum út greiðsluáskorunina. Riftunin verður þá sjálfkrafa virk þegar greiðslufresturinn rennur út og iðgjaldið er ógreitt. Við verðum líka að upplýsa þig um þær lagalegu afleiðingar.
- (6) Þú getur greitt umbeðið iðgjald síðar, jafnvel þótt að riftun hafi orðið virk. Slik greiðsla getur þó eingöngu átt sér stað:
- > innan mánaðar frá tilkynningunni um riftun eða;
 - > ef riftun hefur verið lýst yfir við lok gjaldfrests, þá innan mánaðar frá því gjaldfrestur rann út.
- Ef þú greiðir innan þessara tímarka, fellur riftunin úr gildi og samningurinn heldur áfram, Verði tryggingarburður á tímanum frá því að gjaldfrestur rann út og iðgjaldið var greitt, glatast rétturinn til bóta að hluta eða öllu leyti.

§ 12

Hvernig getur þú breytt vali á verðbréfasjóðum?

- (1) Þú getur breytt sjóðakörfu þinni fyrir áður en kemur að töku lífeyris(sjá gr.2.4), að því gefnu að við bjóðum fleiri en eina sjóðakörfu skv. iðgjaldaskrá þinni á þeim tímamarkum. Þú getur óskað lista yfir fáanlegar sjóðakörfur hjá okkur.
- (2) Þú getur skipt út sjóðakörfu þinni fyrir aðra sjóðakörfu ef við bjóðum fleiri en eina fyrir þína iðgjaldaskrá. Þegar skipt er um sjóðakörfu þá er samningsinnvegnin færð til nýju sjóðakörfunnar í byrjun næsta mánaðar eftir að hún var valin. Prósentuhlutfall sjóðaeigna í hinni nýju sjóðakörfu er undirstaðan fyrir ráðstöfun samningseignarinnar. Verðmatsdagur er fyrsti viðskiptadagur verðbréfasjóða í mánuðinum eftir að skiptin eru gerð. Reglulegum framtíðariðgjöldum verður einnig ráðstafað í samræmi við hlutfall sjóðseigna hinnar nýju sjóðakörfu.
- (3) Það er mögulegt að skipta um sjóðakörfu tólf sinnum á ári. Við innheimtum ekki þóknun fyrir skiptin.
- (4) Þú verður að óska eftir skiptum á sjóðakörfu á skriflegan máta (þ.e. á pappír eða tölvupóst). Umsókn þín þarf að hafa borist okkur eigi síðar en 5 virkra daga fyrir skiptidag.

§ 13

Hvað reglur gilda ef við gerum breytingu á sjóðskörfu eða vali á sjóðskörfum?

- (1) Við áskiljum okkur rétt til þess að bæta við eða fjarlægja verðbréfasjóð úr sjóðakörfu eða þá að breyta fjárfestingaráðstöfun á reglulegu iðgjaldi í framtíðinni og endurráðstafa því til samræmis.
- (2) Ef að það verður veruleg breyting á verðbréfasjóð sem inniheldur samningseign þína, getum við skipt út þeim sjóð fyrir annan. Þetta væru verulegar breytingar sem við getum ekki haft áhrif á. Einnig telst veruleg breyting hafa orðið ef að verðbréfasjóður uppfyllir ekki lengur skilyrði þess að vera va-

lin til þess að vera hluti af sjóðaframboði okkar.

Verðbréfasjóð er sérstaklega skipt út ef:

- > honum er lokað, leystur upp eða sameinaður öðrum sjóð reknum af sjóðastýringarfyrirtæki því sem treyst hefur verið fyrir rekstri sjóðsins;
 - > kaup og sala fjárfestingareininga hjá sjóðastýringarfyrirtækinu er hætt, eða þær takmarkaðar;
 - > sjóðurinn er ekki lengur boðin fram af sjóðastýringarfyrirtækinu í samræmi við þær kröfur sem gerðar voru þegar sjóðurinn var gerður hluti af framboði okkar (t.d. breyttir gjaldfresti á kaupum og sölum fjárfestingareininga, skylduinnausn eða að sjóðurinn glatar markaðsleyfi í Þýskalandi);
 - > sjóðsstýringarfyrirtækið eykur einhliða gjöld eða kostnað;
 - > nýr verðbréfasjóður býður hagstæðari kjör en sá gamli;
 - > sjóðastýringarfyrirtækið leggur einhliða á gjöld tengd fjárfestingarárangri;
 - > sjóðastýringarfyrirtækið breytir fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs;
 - > virt matsfyrirtæki fellir fjárfestingareinkunn verðbréfasjóðs;
 - > ef að lagalegt umhverfi okkar sem váttryggingafélags breytist á þann máta að það samræmist ekki eðli máls, eða er ábyrgt fyrir aðila samnings að halda sig við tiltekið sjóðaval;
 - > við fellum niður samstarfssamning við sjóðastýringarfyrirtæki.
- Þá áskiljum við okkur að skipta út verðbréfasjóð þegar:
- > inneign tryggingartaka í honum nemur minna en EUR 1.000.000 í meira en tvö ár, eða;
 - > nýr verðbréfasjóður skilar betri fjárfestingarárangri en sá eldri, t.d. hærri ársávöxtun eða vænlegri fjárfestingarstefna.

- (3) Ef að verðbréfasjóður er felldur niður eða bætt við sjóðakörfuna þína, eða ef fjárfestingarákvörðun framtíðariðgjaldanna þinna er breytt, þá áskiljum við okkur rétt til þess endurúthluta samningsinneign þinni til samræmis við þá fjárfestingarákvörðun hvað varðar ný iðgjöld.
- (4) Þú getur ekki haft áhrif á sjóðaval eða eignafjárfestingu iðgjaldanna þinna sem lögð eru í sjóðakörfu. Á hinn bóginn getur þú valið aðra sjóðakörfu ef að við bjóðum fleiri en eina til þinnar iðgjaldaskrár (sjá gr.12. 2 - 4).
- (5) Við getum bætt við framboð á sjóðakörfum eða fjarlæggt einhverjar sem fyrir eru. Þér er velkomið að hafa samband við okkur til að fá upplýsingar um þær sjóðakörfur sem eru fánlegar fyrir þína iðgjaldaskrá.
- (6) Ef að sjóðakarfa sem þú hefur valið er fjarlægð úr safni okkar, þá munum við bæta annarri við sem við teljum vera sem líkasta hinni fyrri körfu. Í slíku tilfalli munum við flytja samningsinneign þína í nýju sjóðakörfuna eða þá að framtíðariðgjöldum þínum verður ráðstafað í þá nýju. Þú hefur möguleika til þess skv.gr.12, að skipta um þá sjóðakörfu sem við höfum valið fyrir aðra körfu, að því gefnu að við bjóðum fleiri sjóðakörfur en eina varðandi þín iðgjaldaskrá.
- (7) Ef að atburður verður í samræmi við gr. 13.2.og 13.5 munum við upplýsa þig. Við munum einnig láta þig vita af tímanum sem hann gerist.
- (8) Við endurskoðum verðbréfasjóði okkar að minnsta kosti einu sinni á ári.

§ 14

Hvað gerist ef að sjóðastýringarfyrirtæki takmarkar, frestar eða hættir útgáfu eða innlausn fjárfestingareininga í verðbréfasjóð?

- (1) Ef að útgáfa eða innlausn fjárfestingareininga í verðbréfasjóð er takmörkuð, frestuð eða hætt hjá sjóðastýringarfyrirtæki þá getur þú ekki þú ekki skipt yfir í þá sjóðakörfu á meðan sá verðbréfasjóður er virkur í körfunni (sjá gr.12). Við munum stilla þá sjóðakörfu til þannig að slíkur verðbréfasjóður verði ekki lengur notaður í henni (sjá gr. 13).

- (2) Ef að innlausn fjárfestingareininga í sjóð sem er undirliggjandi í þínum samning er takmörkuð, frestuð eða hætt, þá getur þú ekki skipt út viðkomandi sjóðakörfu fyrir aðra (sjá gr.12).
- (3) Ef að innlausn fjárfestingareininga í verðbréfasjóð er takmörkuð, frestað eða hætt hjá sjóðastýringarfyrirtæki, þá getur innlausnarverðið ekki verið notað til ákvarða virði fjárfestingareininga í tilfalli réttindainnlausnar (sjá gr. 1) eða uppsagnar (sjá gr. 15) þar sem við getum ekki leyst einingarnar inn hjá sjóðastýringarfyrirtækinu. Í þessu tilfalli ákvörðum við virði fjárfestingareiningana skv. verðlagningu þeirra á verðbréfamörkuðum. Virði þeirra getur verið lægra en síðasta innlausnarverð þeirra hjá sjóðastýringarfyrirtækinu vegna lægri seljanleika eininga. Slík virðisyrnun getur líka leitt til algers taps.

§ 15

Hvenær getur þú sagt upp samningnum og hvaða réttindi veitum við?

Uppsögn

- (1) Þú getur sagt samning þínum skriflega upp (á skiljanlegan máta með bréfi eða tölvupóst) hvenær sem er áður en lífeyrisgreiðslur byrja í enda gildandi tryggingartímabils (sjá gr. 8.2.3).
- (2) Þú getur ekki sagt samningnum upp ef ævilangar lífeyrisgreiðslur hafa hafist.

Greiðsla við uppsögn

- (3) Við greiðum eftir uppsögn:
 - > endurkaupsvirðið (sjá gr. 15.4 og 15.6)
 - > að teknu tilliti til frádráttar uppsagnarkostnaðar (sjá gr.15.5).
Við vísum til endanlegrar fjárhæðar sem endurkaupsverð með uppsagnarkostnaði.
 - > Að auki greiðum við útstandandi ágóðahluti sem úthlutaðir eru til samnings þíns (sjá gr. 15.7).
- Eftirstöðvar ógreiddra iðgjald verða dregnar frá þessu.

Endurkaupsverð

- (4) Í tilfalli uppsagnar munum við greiða endurkaupsverð samningsins í samræmi við gr. 169 þýsku laganna um váttryggingarsamninga (VVG). Endurkaupsverðið samsvarar virði samningseignar á uppsagnardegi. Virði samningseignar er ákvörðuð í samræmi við síðasta viðskiptadag sjóða á tryggingartímabili því sem þú sagðir upp samningnum.

Frádráttur vegna uppsagnar

- (5) Við munum draga EUR 100 frá endurkaupsverðinu sbr. gr. 15.4. sem uppsagnarkostnað. Við vísum til endurkaupsverðsins þegar búið er að draga uppsagnarkostnaðinn frá. Við berum sönnunarbyrðina fyrir því að uppsagnarkostnaðurinn sé sanngjarn. Við teljum hann vera sanngjarnan. Ef þú sýnir okkur fram á að uppsagnarkostnaður ætti að vera verulega lægri í þínu tilfalli þá verður hann minnkaður til samræmis. Ef þú sýnir okkur fram á að uppsagnarkostnaðurinn ætti ekki að eiga við í þínu tilfalli, þá mun hann ekki verða felldur á.

Minnkun endurkaupsverðs í sérstökum tilfellum

- (6) Samkvæmt gr. 169.6 í þýsku váttryggingasamningalögunum (VVG) höfum við heimild til samræmis við gr. 15.4 að lækka endurkaupsverðið á viðeigandi máta að því marki að það sé nauðsynlegt til gæta öryggis tryggingataka okkar, sérstaklega í því skyni að uppfylla varanlega skyldur okkar skv. öllum okkar tryggingasamningum. Þessi lækking er takmörkuð við eitt ár í hvert sinn.

Ágóðahlutdeild

- (7) Endurkaupsverðið að frádregnum uppsagnarkostnaði er hækkað með lokaágóðahlutdeild sbr. gr. 2.3 (b).

Mögulegir ókostir

(8) Ef þú segir upp samning þínum geta verið ókostir því samfara. Í byrjum samnings þíns er endurkaupsverðið lágt vegna framlaga til öflunar- og sölukostnaðar (sjá gr. 17). Endurkaupsverðið nær ekki endilega samtölu greiddra iðgjalda fyrstu ár samningsins.

Tegund og dagsetning greiðslu

(9) Endurkaupsverðið að frádregnum uppsagnarkostnaði er alltaf greitt í EUR.

Engin endurgreiðsla iðgjalda

(10) Þú getur ekki krafist endurgreiðslu iðgjalda

§ 16**Hvenær getur þú gert samning þinn iðgjaldafrián og hvaða áhrif hefur það á réttindi þín?**

(1) **Í stað þess að senda uppsögn í samræmi við gr. 15.1, getur þú hvenær sem er óskað á skriflegan máta (þ.e. á pappír eða tölvupósti) að losna undan því að greiða iðgjald við lok gildandi tryggingartímabils.**

(2) Ef þú kýst iðgjaldafrián, þá heldur samningur þinn áfram án iðgjaldsgreiðslna. Við drögum ekki frá uppsagnarkostnaði.

(3) Endurkaupsverðið í upphafi iðgjaldafriðs samsvarar samningseign þess VPV Future Pension sem hefur verið látin í iðgjaldafrián.

(4) **Ef þú hefur látið samning þinn í iðgjaldafrián getur það haft í för með sér ókosti. Í upphafi þíns samnings er samningsinneign venjulega mun lægri en samtala greiddra iðgjalda þar sem þau hafa verið notuð til þess að fjármagna öflunar- og sölukostnað (sjá gr. 17) auk umsýslugjalda. Jafnvel einhver ár á eftir nær samtala greiddra iðgjalda ekki samningsinneign eftir iðgjaldafriði.**

Afturköllun iðgjaldafriðs

(5) Þú getur hætt við iðgjaldafriði innan þriggja ára frá upphafi þess.

Engin iðgjaldsendurgreiðsla

(6) Þú getur ekki farið fram á endurgreiðslu iðgjalda

§ 17**Hvernig er kostnaður við samning þinn fjármagnaður?**

(1) Það er kostnaður samfara samning þínum. Hann er innifalinn í iðgjaldi þínu eða tekin af samningsinneign. Þetta er öflunar- og sölukostnaður ásamt öðrum gjöldum. Öflunar- og sölukostnaður gengur sérstaklega til umboðslauna vátryggingamiðlara. Að auki gengur öflunar- og sölukostnaður til þess að fjármagna yfirferð okkar á tryggingarumsóknum, skjalagerð tryggingasamninga, kostnað við umsóknarferli og auglýsingar. Annar kostnaður er umsýslukostnaður. Fjárhæð reiknaðs öflunar- og sölukostnaðar auk annars kostnaðar og umsýslugjalds er að finna í samningsgögnum (skjalinu „tryggingarumsókn“).

(2) Ef þú greiðir aukalegt iðgjald munum við draga frá því öflunar- og sölukostnaði einu sinni þegar sú greiðsla fer fram.

(3) Til þess að ná öflunar- og sölukostnaði drögum við jafna fjárhæð frá greiddum iðgjöldum þínum fyrstu 5 ár samnings. Sú fjárhæð samsvarar og er takmörkuð við 2,5% af heildariðgjöldum þíns samnings á samningstíma hans. Þessi aðferðafærði gildir einnig ef þú hækkar iðgjald þitt.

(4) Annar kostnaður er gjaldfærður jafnóðum frá iðgjaldsgreiðslum og samningsinneign (sérstakar eignir og öryggi-seignir) bæði fyrir og eftir að þú tekur lífeyri.

(5) Yfirlýstur frádráttur kostnaðar af samning þínum leiðir til þess að lægri fjárhæð getur gengið til endurkaupsverðs á upphafsárum samnings þíns (sjá gr. 15 og 16).

§ 18**Hvað gildir ef þú breytir pósthfangi þínu eða nafni?**

- (1) Þú þarft að láta okkur strax vita (án ástæðulausrar tafar) ef þú breytir pósthfangi þínu. Að öðrum kosti getur þú orðið fyrir óþægindum. Við höfum heimild til þess að senda yfirlýsingu til þín (t.d. greiðsluáskorun) með ábyrgðarbréfi á síðasta þekkta pósthfang þitt. Í slíku tilfelli telst yfirlýsing okkar hafa borist þér þremur dögum eftir að við sendum hana. Þetta gildir líka ef tryggingartaki er lögaðili og flytur aðsetur sitt.
- (2) Í því tilfelli að þú breytir nafni þínu gildir líka gr. 18.1.

§ 19**Hver er önnur upplýsingaskylda þín?**

- (1) Ef okkur ber lagaleg skylda til þess að afla, geyma, vinna eða gefa skýrslur eða gögn sem tengjast samning þínum ber þér að útvega okkur upplýsingar, gögn og skjöl sem þörf er á í þeim tilgangi:
 - > við samningsgerð;
 - > í tilfelli breytinga eftir samningsgerð eða;
 - > þegar krafist er strax (þ.e. án ástæðulausrar tafar). Þér ber einnig að sýna samvinnu við þriðja aðila sem réttindi hafa til samnings þíns hvað varðar gagnaöflun þeirra og skýrslugerð.
- (2) Nauðsynlegar upplýsingar í skilningi gr. 19.1 eru t.d. aðstaða sem tengist mati á:
 - > persónulegu skattfesti þínu;
 - > skattfesti þriðju persónu sem hefur réttindi úr samning þínum og;
 - > skattfesti þjónustuþega, sem getur verið mikilvægt. Þetta á sérstaklega við þýsku eða erlend skatta Einkennismær, fæðingardagsetning, fæðingarstaður og dvalarstaður. Þú getur fundið út í smáatriðum hvaða aðstaða þetta er hvað varðar núgildandi lög, í viðfestum skattaupplýsingum.
- (3) **Í því falli að þú útvegar okkur ekki nauðsynlegar upplýsingar, gögn eða skjöl, eða útvegar ekki í tíma, þá gildir eftirfarandi: í tilfelli viðeigandi lagalegra skyldna þá munum við senda samningsupplýsingar til viðkomandi skattayfirvalda innanlands eða utan. Þetta gildir líka þótt að skattfesti sé ekki erlendis.**
- (4) **Misbrestur á skyldu þinni til að veita okkur upplýsingar í samræmi við gr. 19.1 og 19.2 getur leitt til þess að við greiðum ekki bætur. Það gildir þangað til þú hefur útvegað okkur þær upplýsingar sem þarf til að við stöndum við lagalegar skyldur okkar.**

§ 20**Hvaða kostnað getum við innheimt sérstaklega?**

- (1) Í eftirfarandi tilfellum getum við innheimt af þér sérstök gjöld:
 - > útgáfa nýs tryggingaskírteinis;
 - > útgáfa greiðsluáskorunar vegna vanskila;
 - > endurgreiðsla vegna beingreiðslu banka;
 - > framkvæmd breytinga á samning;
 - > vinnsla á framsölum eða loforðum;
 - > leit að heimilisfangi;
 - > deiling á þínum samning innan lífeyrisjöfnunar.
- (2) Við byggjum gjöld okkar á þeim kostnaði sem við verðum fyrir og þekkjum. Ef þú sýnir okkur fram á að kostnaðarforsendur sem við göngum út frá eigi ekki við í þínu tilfelli munum við ekki draga kostnaðinn frá þér. Ef þú sýnir okkur fram á að fjárhæð gjalda ætti að vera mun lægri í þínu tilfelli munum við lækka gjaldið til samræmis. Núverandi gjaldtaka okkar er tiltekin í samningsgögnum (skjalinu „trygginggaumsókn“)

§ 21**Hvaða lög gilda um samning þinn?**

Lög sambandslýðveldisins Þýskalands gilda um samning þinn.

§ 22**Hvaða dómstóll hefur lögsögu?**

- (1) Sá dómstóll þar sem við höfum aðalskrifstofu, eða útibú þaðan sem við gerum samninginn, hefur lögsögu yfir málsókn gegn okkur sem varðar samninginn. Sá dómstóll þar sem þú ert búsettur þegar þú höfðar mál gegn okkur skal líka hafa lögsögu. Ef þú hefur ekki skráða búsetu skal raunbúseta gilda. Ef þú ert lögpersóna, þá skal dómstóll þar sem þú hefur aðalskrifstofu eða útibú hafa lögsögu.
- (2) Ef við höfðum mál gegn þér vegna samningsins munum við gera það á heimavarnarþingi þínu. Ef þú hefur ekki skráða búsetu höfðum við málið hjá þeim dómstól þar sem þú hefur raunbúsetu. Ef þú ert lögpersóna höfðum við málið á heimavarnarþingi aðalskrifstofu þinnar eða útibús.
- (3) Ef þú hefur fært lögheimili þitt eða raunbúsetu til ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins hefur dómstóll þar sem við höfum aðalskrifstofu lögsögu í málinu.

§ 23**Hvern getur þú haft samband við ef þú ert óánægður með þjónustu okkar?**

- (1) Ef þú ert óánægður með ákvarðanir okkar eða þá að samningaumleitunir við okkur hafa ekki leitt til niðurstöðu sem þú óskaðir, getur þú leitað til eftirfarandi aðila og lagt inn kvörtun.

Umboðsmaður váttryggingartaka

- (2) Ef að þú ert almennur neytandi getur þú leitað til umboðsmanns váttryggingartaka. Núverandi tengiupplýsingar við hann eru eftirfarandi:

Versicherungsombudsmann e.V.
Postfach 080632
10006 Berlin
Þýskalandi
Tölvupóstur: beschwerde@versicherungsombudsmann.de
Veffangt: www.versicherungsombudsmann.de

Umboðsmaður váttryggingartaka er sjálfstæður sáttaaðili sem vinnur frítt fyrir almenna neytendur. Við höfum skuldbundið okkur til þess að taka þátt í sáttameðferð hans.

- (3) Ef að þú ert almennur neytandi og hefur gert þennan samning á rafrænan máta, þ.e. í gegn um vefsíðu eða tölvupóst, þá getur þú komið kvörtun þinni á framfæri á vefsíðunni <http://ec.europa.eu/consumers/odr/>. Kvörtun þinni verður þá komið til umboðsmanns váttryggingartaka.

Fjármálaftirlitið

- (4) Ef að þú ert ekki ánægður með þjónustu okkar eða þá að ágreiningur rís um framkvæmd samningsins getur þú haft samband við það fjármálaftirlit sem við heyrum undir. Sem váttryggingafélag þá lútum við eftirliti Þýska fjármálaeftirlitsins. Núverandi tengiupplýsingar eru:
Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin)
Sektor Versicherungsaufsicht
Graurheindorfer Straße 108
53117 Bonn
Þýskalandi
Tölvupóstur: poststelle@bafin.de
Vinsamlega athugaðu að BaFin er ekki sáttaaðili og getur ekki tekið ákvarðanir vegna einstakra deilumála.

Lagaleg úrræði

- (5) Þú hefur alltaf rétt til þess að grípa til lagalegra úrræða.

Kvörtunarþjónusta okkar

- (6) Þrátt fyrir allt framangreint hefur þú alltaf rétt til þess að hafa samband við okkur hvenær sem er. Kvörtunarþjónusta okkar er til reiðu fyrir þig. Núgildandi tengiupplýsingar eru:

Með bréfpósti:
VPV Versicherungen
Postfach 31 17 55
70477 Stuttgart
Þýskalandi

símleiðis:
+49 711/13 91 63 99

með tölvupóst:
meine.Beschwerde@vpv.de

§ 24**Hvað gerist ef einhver samningsákvæði eru ógild?**

- (1) Ef að samningsákvæði í þessum skilmála er að hluta eða öllu leyti ógild þá hefur það ekki áhrif á önnur samningsákvæði sem halda áfram gildi sínu.
- (2) Ef að samningsákvæði í þessum skilmála hefur verið dæmt ógilt af áfrýjunardómstól eða endanlegri stjórnsluákvörðun getum við skipt því út með nýju samningsákvæði sbr. heimild í gr. 164.1 í Þýsku váttryggingasamningalögunum (VVG) ef það er nauðsynlegt til áframhalds samningsins eða þá að hið ógilt ákvæði veldur samningsaðila óréttmætu óhagræði, jafnvel þótt tekið sé tillit til hagsmuna annarra samningsaðila. Nýtt samningsákvæði skal aðeins vera gilt ef það tekur tillit til tryggingartaka jafnhliða því að tryggja markmið samningsins. Nýtt samningsákvæði tekur gildi tveimur vikum eftir að það hefur verið sett og tilkynnt til þín.